

Það er vitaskuld, að þeim gjaldþegnum, er vilja ekki sætta sig við þenna úrskurð, sje **115**
frjálst að leita úrlausnar dómstólanna um þessa spurningu, en í bráð verða þeir að **26. júlí.**
greiða gjaldið.

— *Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir suður- og vesturumdæminu um hjá- **116***
leiguna Stekkjanes hjá Ísafjarðarkaupstað. — Samkvæmt tillögum yðar, **27. júlí.**
herra amtmaður, fellst jeg hjer með á, að bæjarstjórnin á Ísafirði takist á hendur skuld-
bindingar þær gagnvart Eyrarprestakalli, er tilgreindar eru í samningi frá 31. maí þ. á.
milli bæjarstjórnarinnar og hins núveranda prests á Eyri, um afhendingu á hjáleigunni
Stekkjanesi (Stakkanesi) og þeim hluta jarðarinnar Eyrar í Skutulsfirði, sem prestakallið
hjelt eptir við samningana 1. febr. og 7. maí 1870.

Að öðru leyti er það vitaskuld, að ef samningurinn frá 31. maí þ. á. á að gilda
um lengri tíma en embættistíma hins núveranda prests, þarf að útvega konungsúrskurð
fyrir sölu á hjáleigunni Stekkjanesi, er beinlínis var undan skilin við sölu þá, er sam-
þykkt var með allrahæstum úrskurði frá 10. janúar 1871 (tíðindi um stjórnarmálefni
III. bls. 128).

— *Brjef landshöfðingja til prófastsins í Suður-Pingeyjarsýslu um samning sókn- **117***
artafla yfir fólksfjöldann. — Útaf fyrirspurn yðar, herra prófastur, í þóknanlegu **27. júlí.**
brjefi frá 9. þ. m. læt jeg ekki dragast að tjá yður þetta:

Skýrslurnar um fólkstal eiga að eins að vera í einu lagi, og eiga þær að sendast
með sóknatöflunum til landshöfðingja; þar á móti eiga sóknartöflurnar að vera tvíritaðar,
sjá «Reglur fyrir því, hvernig semja eigi sóknatöflurnar yfir fólksfjöldann» 2. og 7. gr.

«Fólkstölutafla» sú, er getur um í 11. gr. reglna fyrir því, hvernig semja eigi
fólkstöluskýrslurnar, er sama skýrslan sem með öðrum orðum er nefnd «sóknartafla»
og «fólkstalstafla». Hún á að vera sjer fyrir hverja kirkjusókn, og er það miður ná-
kvæmlega að orði komizt í tjeðri 11. grein, þegar sagt er, að tafla þessi skuli samin yfir
allt brauðið; sjeu fleiri sóknir í brauðinu, verður taflan að vera í eins mörgum deildum,
og sóknirnar eru margar.

Eyðublöð þau, er afgangs verða, þarf ekki að endursenda, þau hafa verið ætluð
til uppbótar, ef einstök blöð skyldu skemmast.

— *Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir suðurumdæminu um efling búnað- **118***
ar. — Samkvæmt tillögum amtráðs suðurumdæmisins samþykkist hjer með, að suðuramtíð **27. júlí.**
fái 3533 kr. 33 a. af fje því, er með 10. gr. C. 4. fjárlaganna er veitt til eflingar bún-
aði, og að lagðar verði af þessari upphæð:

búnaðarfelagi Kjósarhrepps	100 kr.
— Mosfellssveitar og Kjalarneshrepps	200 —
búnaðarsjóði síra Ólafs heitins Hjalteteðs	200 —
og búnaðarfelagi suðuramtsins	1200 —

og eru þessar 1700 kr veittar með því skilyrði, að þeim verði varið eingöngu
til verkfæra-kaupa og til launa handa búfræðingum.

Flyt 1700 kr.